

**Nefndasvið Alþingis
Samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK**

Reykjavík, 17. maí 2010

Efni: Umsögn um þingskjal 973 – 582 mál.

Flutningasvið SVP skiptir umsögn um samgönguáætlun í tvo hluta til að leggja áherslu á mikilvægi þess að breytt verklag í málaflokknum er forgangsmál.

Í síðari hlutanum - þessari umsögn - er efnislega stiklað á stóru um aðalatriði samgönguáætlunar sem þarft er að taka afstöðu til.

Efnislega eru mjög mörg atriði í samgönguáætlun sem flutningasvið SVP myndi vilja segja álit sitt á enda framkvæmdaáætlun í samgöngum mikilvægasta hagsmunamála sviðsins. En í ljósi þess að um bráðabirgðaáætlun er að ræða eru dregin út þau atriði sem mestu varðar að taka afstöðu til núna.

Skýr forgangsröðun

Flutningasvið SVP hefði viljað sjá skýrari og afmarkaðri undirmarkmið í ljósi breyttra aðstæðna í ríkisfjármálum.

Það er þörf fyrir skýra pólitíska sýn og áherslur í samgönguáætlun. Það verður ekki sagt að þingsályktun 973 um samgönguáætlun til fjögurra ára sé til marks um þetta. Áætlunin er ómarkviss og erfitt að festa hönd á hverjar áherslurnar eru, aðrar en þær helst að auka kostnað þeirra sem nýta samgöngukerfið með „notendagjöldum“.

Flutningasvið SVP gagnrýnir mjög frjálstlega meðferð á hugmyndinni um „notendagjöld fyrir samgöngur“ í þessu skjali. Skattar á samgöngur hvort heldur þeir eru í formi beinna skatta eða heita „notendagjöld“ hafa áhrif á samkeppnishæfni innanlands á Íslandi og samkeppnishæfni Íslands við önnur lönd.

Veggjöld ekki sama og „notendagjöld“.

Löggjafinn er hvattur til að gera skýran greinarmun á „veggjöldum“ annars vegar sem er þekkt leið víða um lönd og hefur verið lengi til fjármögnunar dýrra samgöngumannvirkja og hins vegar hugmyndum um „notendagjöld fyrir samgöngur“. Þessi greinarmunur er ekki gerður í samgönguáætluninni sem hér er til umsagnar sem er beinlínis mjög villandi.

Flutningasviði SVP er vel kunnugt um að innan Evrópusambandsins hafa verið uppi hugmyndir í þá veru að taka í auknum mæli upp gjaldtöku af „notendum

samgöngukerfisins“. Hugmyndin er ekki ný af nálinni, hefur verið í umræðunni í meira en 10 ár. Það var ekki fyrr en í lok árs 2007 sem ýtt var úr vör formlegu samráðsferli innan ESB og málið er ekki afgreitt. Miklar deilur hafa staðið um málið og standa enn. Lögjafinn er hvattur til að kynna sér umfjöllun um málið á vefsíðu flutningasviðsins.

Afstaða til notendagjalda og veggjalda

Flutningasvið SVP hafnar hugmyndum um notendagjöld almennt fyrir samgöngur eins og lagt er upp með í þessari áætlun.

Vegna stöðu ríkissjóðs til skemmri tíma er flutningasviðið reiðubúið að styðja hugmyndir að fjármögnun sérstakra vegaf framkvæmda með veggjöldum. Veggjöld geta verið leið til að halda áfram uppbyggingu vegakerfisins á næstu árum sem annars myndi verða frestað um ótiltekinn tíma.

Forsenda stuðnings flutningasviðs SVP við veggjöld fyrir samgöngumannvirki er faglegt verklag og forgangsröðun sem byggir á faglegum forsendum. Er vísað í sérstaka umsögn um það mál.

Flutningasviði SVP er umhugað um að örva fjárfestingar í framkvæmdum til skemmri tíma en er ekki tilbúið til að veita stjórnvöldum stuðning við að taka ákvarðanir um að fara í framkvæmdir við dýr mannvirki án þess að nokkur fagleg samanburðgargreining liggi að baki.

Veggjöld koma ekki til álita nema fyrir dýr arðsöm mannvirki. Flutningar innanlands eru kostnaður fyrir aðra atvinnustarfsemi í landinu. Opinberar álögur á flutninga innanlands koma fram í verði þjónustunnar innanlands eðli málsins samkvæmt. Flutningagreinin ber þá ábyrgð að gera skýra grein fyrir þessu samhengi.

Um langa hríð hafa verið uppi háværar raddir um slæma samkeppnisstöðu fyrirtækja á landsbyggðinni við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu vegna hás flutningskostnaðar. Veggjöld til viðbótar við aðrar álögur án þess að önnur hagræðing komi til leiðir til herra verðlags á þjónustunni.

Stytting vegalengda er skýrt dæmi um augljósan ávinning af samgönguframkvæmd sem geta réttlætt veggjöld. Hvalfjarðargöngin eru skýrasta dæmið um slíka framkvæmd. Ávinningurinn er í því tilfalli mun meiri en kostnaðurinn við að fara göngin.

Kostnaðar- og ábatagreining, þar sem arðsemi er eitt þeirra atriða sem liggur til grundvallar ákvarðanatöku er því forsenda þess að flutningasvið SVP styðji veggjöld.

Viðhald og þjónusta við vegakerfið – efst í forgangsröðinni

Viðhald og þjónusta á vegakerfinu er forgangsatriði þegar fjárveitingar eru af skornum skammti. Því er lögjafinn hvattur til að gefa skýr skilaboð um að þessi liður skuli hafa forgang umfram aðra í framkvæmdaáætlun næstu fjögurra ára.

Til að auðvelda löggjafanum samanburð við fyrri ár í fjárveitingum til þessa liðar er meðfylgjandi línurit frá Vegagerðinni sem á að sýna hvað átt er við. Tekið skal fram að línuritið kemur frá Vegagerðinni og er unnið á hennar forsendum.

Nýjar aðferðir við innheimtu gjalda af notkun vegakerfisins

Stjórnvöld hafa lengi haft í undirbúningi nýja aðferð við innheimtu gjalda af notkun vegakerfisins. Aðildarfyrirtæki flutningasviðsins hafa stutt slíkar hugmyndir með þeim fyrirvara að allt innheimtukerfið sé tekið til endurskoðunar. Kerfið eins og það er er kostnaðarsamt og óskilvirkt auk þess sem færa má rök fyrir því að það sé ósanngjarnt.

Forsenda þess að Flutningasvið SVÞ styðji hugmyndir um upptöku slíkrar gjaldtöku er uppstokkun á skattlagningu af notkun á vegum. Niðurfelling þungaskatts, olíugjalds og kolefnisgjalds.


Einföldun kerfisins – meiri skilvirkni – minni kostnaður

Flutningasvið SVÞ hvetur löggjafann til þess að leggja skýrar línur með samþykkt samgönguáætlunar sem hér er til umsagnar. Kostnaður við eftirlit er eitt þeirra atriða sem þarft er að hvetja löggjafann til að horfa á.

Í kafla 4.1.4. í samgönguáætlun er fjallað um umferðareftirlit Vegagerðarinnar og lagt til að fjárveiting til þess verði 102 milljónir árið 2010. Flutningasvið SVÞ veltir upp þeirri spurningu af hverju Ísland velur þann kost að láta tvö embætti sjá um eftirlit á vegum? Lögregluna og Vegagerðina?

Umferð á stærstum hluta vegakerfisins á Íslandi er mun minni en í þéttbýlum löndum Evrópu og því allt aðrar aðstæður hér en þar. Lögregluembættið hefur á að skipa lögreglumönnum á vakt um land allt, allan sólarhringinn, alls staðar. Er örugglega besta fyrirkomulagið að láta tvö embætti sjá um þetta eftirlit?

Vipómgarfyllst.



Signý Sigurðardóttir
Forstöðumaður flutningasviðs SVÞ


Meðfylgjandi:

Línurit Vegagerðarinnar

- *Fjárveitingar til viðhalds og þjónustu vegakerfisins 2007 – 2012 uppfært á nýja vísitölu*

Fjárveiting á verðlagi V=14700

Viðhald og þjónusta



Hlutfall fjárveitinga miðað við 2007

Viðhald og þjónusta

